RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Pétur Örn Magnússon
Kt. 0207753359
Dags. 1.6.2023 15:13:50
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir
Kt. 0401724599
Dags. 1.6.2023 15:33:08
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Olga Bjarnadóttir
Kt. 0605756069
Dags. 1.6.2023 16:27:55
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hólmsteinn Ingi Halldórsson
Kt. 2508743759
Dags. 1.6.2023 16:32:21
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Eysteinn Pétur Lárusson
Kt. 2011783049
Dags. 5.6.2023 10:08:28
Ástæða: Undirritun

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
B.t. íþróttaráðs

Kópavogur 31. maí 2023

Efni: Sameiginlegur frístundaakstur Breiðabliks, Gerplu, HK og Kópavogsbæjar

Frá haustinu 2018 hafa Íþróttafélögin Breiðablik, Gerpla og HK með stuðningi frá Kópavogsbæ haldið úti frístundaakstri fyrir yngstu deildir í grunnskólum Kópavogs. Fyrirkomulagið hefur þróast undanfarin ár og hefur liðið tímabil gengið hvað best ef tekið er með fyrirkomulag starfsmanna í vagninum. Skipting greiðslu til rútufyrirtækis hefur skipst í fjóra hluta. Íþróttafélögin hafa lagt út fyrir akstrinum og svo hefur verið send rukkun til Kópavogsbæjar í lok hvorrar annar.

Þegar upphaflega var farið af stað með sameiginlegan frístundaakstur var það einkum til að öll íþróttafélögin væru ekki að keyra hvert á eftir öðru með börnin á sömu staðina og til að reyna að ná fram hagræðingu í þessum rekstri. Rekstrarumhverfið hefur hins vegar versnað til muna og hækkanir á akstrinum eru að sliga félögin. Svo mikið að þetta eru upphæðir sem skipta sköpum fyrir félögin þrjú. Meðfylgjandi er tafla sem sýnir kostnað við akstur á hverju tímabili fyrir sig frá hausti 2018. Þar ofan á bætist við kostnaður starfsmanna í bílunum sem séð hafa til þess að börnin spenni beltin, fari út á réttum stöðum og passa uppá góð samskipti barnanna á milli.

Frístundaakstur er forsenda þess að nýta megi íþróttamannvirkin eins vel og kostur er þar sem æfingar hafa geta hafist strax að loknum skóladegi og staðið fram á kvöld. Krafa foreldra um að börnin hafi lokið sínu frístundastarfi þegar vinnudegi foreldra lýkur er hávær en með akstrinum má að einhverjum hluta koma til móts við þær kröfur. Einnig er það forsenda fyrir því að hægt sé að taka á móti sem flestum börnum sem óska þess að æfa með félögunum að hægt sé að byrja æfingar sem fyrst á daginn. Það er hætt við að félögin geti ekki tekið við öllum þeim börnum sem óska eftir að æfa með þeim ef akstrinum verður hætt.

Í ljósi umfangsmikilla hækkana frá árinu 2021 er þetta farið að taka sinn toll í rekstrinum og tilkynnist það hér með að íþróttafélögin sjá sér ekki annað fært en að hætta rekstri vagnanna frá og með haustinu 2023.

Íþróttafélögin óska eftir að Kópavogsbær taki að sér rekstur frístundaraksturs í Kópavogi en eru boðin og búin að aðstoða við skipulagningu akstursins þannig að hann nýtist börnum bæjarsins sem best.

Taflan sýnir kostnað án starfsmanna

Tímabil	Kostnaður á tímabil	Kostnaður á hvern greiðanda	Hækkun í %
2018–2019	6,620,103	2,206,701	
2019-2020	12,183,000	3,045,750	**38%**
2020-2021*	12,861,999	3,215,500	**6%**
2021-2022	16,493,391	4,123,348	**28%**
2022-2023	20,882,091	5,220,523	**27%**

*Covid margar vikur sem duttu út í akstri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Með von um jákvæðar undirtektir

_____	_____
Ásgeir Baldurs formaður Breiðabliks	Eysteinn P. Lárusson frkv.stjóri Breiðabliks
_____	_____
Ragnheiður M. Ólafsdóttir form. Gerplu	Olga Bjarnadóttir frkv.stjóri Gerplu
_____	_____
Pétur Örn Magnússon formaður HK	Hólmsteinn I. Halldórss. settur frkv.stjóri HK

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026